

48 Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð
11. marz Elínar Sigurðardóttur Storr“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-
málaráðherra 11. marz 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Sigurðardóttur Storr.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Elínar Sigurðardóttur Storr.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirrituðum eiginmanni hennar af fé, er hann hefur lagt til, og gjöfum, sem borizt hafa til minningar um Elínu Storr. Stofnfé sjóðsins er kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Gjöfum, sem kunna að berast sjóðnum, skal bæta við höfuðstól hans, nema annað sé sérstaklega tekið fram af gefanda.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kaupa smábarnafatnað til úthlutunar fátækum barnshafandi konum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

4. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins. Ávaxta skal höfuðstólinn í verðbréfum, er rikissjóður Íslands ábyrgist, eða verðbréfum, sem tryggð eru með fyrsta eða öðrum veðrétti í fasteign í Reykjavík.

Vöxtum sjóðsins skal verja til kaupa á barnafatnaði eða efni í barnafatnað, einu sinni eða tvisvar á ári, eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma. Nú þykir eigi ástæða til að verja allri vaxtaupphæð til kaupa og skal þá leggja vaxtaafgang við höfuðstólinn.

Ef vaxtatekjur sjóðsins verða svo miklar, að tilgangi hans samkvæmt 3. gr. er fullnægt, er sjóðsstjórninni heimilt að styrkja fátækar mæður með öðrum hætti, en þar greinir.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sem hér segir:

Formaður Mæðrastyrksnefndar á hverjum tíma skal vera formaður sjóðsstjórnar. Mæðrastyrksnefnd kys 3 konur í stjórnina til þriggja ára í senn. Skal ein þeirra að viðhöfðu hlutkesti ganga úr stjórninni að ári liðnu og önnur með sama hætti að tveimur árum liðnum frá fyrsta stjórnarkjöri að telja. Sjóðsstofnandi skal eiga sæti í stjórninni meðan hans nýtur við, en láti hann af störfum þar, er það ósk hans, að einhver náinn ættingi Elínar eða Ludvigs Storr, búsettur hér á landi, taki hans sæti.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Reykjavík, 12. maí 1951.

Ludvig Storr.